


Hópuppsagnir í júní

5. júlí 2009

Í júní bárust Vinnumálastofnun 4 hópuppsagnir þar sem sagt var upp samtals um 360 manns. Þar af var yfir 270 manns sagt upp hjá einu stóru verktakafyrirtæki í byggingariðnaði og koma þær uppsagnir til framkvæmda á tímabilinu ágúst til nóvember. Af þeim fjölda eru þó yfir 70 manns sem aðeins voru með tímabundna ráðningu og nokkrir í viðbót voru á uppsagnarfresti.

Önnur hópuppsögn barst að auki úr byggingariðnaði og er um 80% hópuppsagna að þessu sinni úr þeirri atvinnugrein, ein hópuppsögn barst úr iðnaðarstarfsemi og ein úr flutningastarfsemi. Þessar hópuppsagnir koma til framkvæmda á tímabilinu ágúst og fram í desember.




Mynd 1. Hópuppsagnir í júní 2009

Stærstur hluti uppsagnanna eru á höfuðborgarsvæðinu og aðliggjandi svæðum sunnan- og vestanlands. Ástæður uppsagnanna hjá verktakafyrirtækjunum eru fyrirsjáanlegur verkefnaskortur þegar líður að hausti, m.a. vegna niðurskurðar í opinberum framkvæmdum, og mörgum stórum verkefnum er að ljúka næstu vikur og mánuði. Í öðrum tilvikum eru ástæðurnar fyrirstjáanlegur samdráttur og rekstarerfiðleikar.

Hópuppsagnir sem koma til framkvæmda árinu 2009


Mjög margar hópuppsagnir komu til framkvæmda í byrjun árs, eða yfir 1.000 í janúar og 1.100 í febrúar. Eftir það fór þeim mjög fækkandi og voru innan við 50 sem komu til framkvæmda nú í júnímánuði. Næstu mánuði fer þeim aftur fjölgandi sem missa vinnuna eftir hópuppsagnir, verða nálægt 400 í ágúst og um 200 í september.



Mynd 2. Hópuppsagnir sem koma/hafa komið til framkvæmda á árinu 2009

Hópuppsagnir sem bárust á árinu 2009

Á árinu 2009 hafa alls borist 30 hópuppsagnir þar sem sagt hefur verið upp 1.210 manns úr flestum atvinnugreinum, að stærstum hluta þó úr byggingariðnaði (42%) og úr fjármálastarfsemi (26%), en einnig úr iðnaði (10%), flutningastarfsemi (7%), verslun (6%) og fleiri greinum.



Mynd 3. Hópuppsagnir sem borist hafa á árinu 2009, eftir atvinnugreinum